

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 339 22. ágúst 1985.

Íðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 190 30. apríl 1985,
um bifreiðamál ríkisins.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fari ríkisstarfsmaður einstakar ferðir á eigin bíl að beiðni yfirmanns skal greiða fyrir þær með akstursgjaldi skv. 8. gr., enda fylgi akstursskýrsla reikningi starfsmannsins, sbr. 8. gr. Að öðru leyti er ríkisstofnun óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutadeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á að eftir honum sé farið.

Sé gerður aksturssamningur, sem bundinn er við ákveðna tölu kílómetra, við forstöðumenn ríkisstofnana eða aðra starfsmenn skal áætla þá vegalengd er starfsmaðurinn þarf að aka starfs síns vegna á ári hverju. Í samningnum skal taka fram þær takmarkanir er leiga á einkabifreið kann að hafa á not leigubifreiða í þágu embættisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett í samræmi við 5. gr. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Aksturssamningar sem í gildi eru við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi frá og með 1. janúar 1986.

Fjármálaráðuneytið, 26. nóvember 1985.

Þorsteinn Pálsson.

Einar Sverrisson.